



Fundargerð

6. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands (MSS) kl. 10:00 mánudaginn 1. mars 2021, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Katrín Ólína Sigurðardóttir, varafulltrúi Visit South Iceland ehf.
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ragnhildur Ágústsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ásgerður Kristín Gylfadóttir – fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forfallaðir:

Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Verkefni sl. mán og framundan
- Fjármagn
- Önnur mál

Verkefni sl. mán og framundan

Fjármögnun 2021

Forsendur rekstraráætlunar liggja enn ekki að öllu leyti fyrir en verður kláruð og send á stjórn til samþykktar um leið og mögulegt er. Greiðslur aðildarfyrirtækja fyrir yfirstandandi tímabil eru enn að skila sér, enda var gefinn greiðslufrestur vegna heimsfaraldursins. Þá hafa ýmis verkefni sem og morgunfundirnir undanfarið laðað að ný fyrirtæki í aðild. Sveitarfélög hafa flest samþykkt og sent undirritaða samninga. Aðild Vestmannaeyjabæjar í Áfangastaðastofu enn óviss, framkvæmdastjóri MSS ásamt framkvæmdastjóra og formanni SASS munu óska eftir fundi með sveitarfélaginu. Greiðslur hafa dregist frá Ferðamálastofu en komið í ferli. Unnið hefur verið að umsóknum í Uppbyggingarsjóð

og nýja nýsköpunarsjóðinn Lóu. Þá er MSS að skipta um bókhaldskerfi sem er einfaldara en fyrra kerfi en bíður upp á vinnusparnað og sambærilegan kostnað.

Framundan er áframhaldandi vinna við samningagerð við SASS, Íslandsstofu, Vestmannaeyjabæ og hugsanleg sérverkefni. Þá þarf að vinna að útfærslu á aðildargjöldum þessa árs og verða tillögur bornar undir stjórn á næstu misserum.

Áfangastaðastofa

MSS hefur undirritað samning við Ferðamálastofu og skilað starfsáætlun með minniháttar lagfæringum á verkefnum áfangastaðaáætlunar frá því að stjórn fékk hana til samþykktar. SASS hefur undirritað samninginn við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um stofnun Áfangastaðastofu á Suðurlandi. Til skoðunar er útfærsla á samkomulagi milli MSS og SASS. Markaðsstofur landshlutanna (MAS) hafa átt fundi með Íslandsstofu um verkefnasamning sín á milli sem fylgir fjármagn, sem er mikið framfaraskref. Verið er að útfæra verkferla samhliða. Þá hefur verið stofnað til samtals vegna nýrra hlutverka, s.s. á sviði fræðslu og greininga. Framkvæmdastjóri átti samtalið við Rannsóknarmiðstöð ferðamála (RMF) um rannsóknir og greiningar sem hægt væri að gera á svæðinu og framundan fundur við Fræðslunetið um fræðslumál.

Framundan er samtalið við sveitarfélög og skuldbindingu þeirra vegna áfangastaðastofu, m.a. hvort sveitarfélagasamningar fari framvegis í gegnum SASS. Þá er framundan nánara samtalið og staðfesting við ferðabjónustuaðila. Samningaviðræður halda áfram við Íslandsstofu.

Áfangastaðaáætlun – DMP

Uppfærsla áfangastaðaáætlunar er á loka metrunum en verkefnastjóri ásamt ýmsum aðilum unnið markvisst að skrifum og greiningum síðustu misseri. Áætlunin er að skila fyrir páska.

Framundan eru lokaskrif, prófarkarlestur, uppsetning og hönnun. Þá verður áætlunin send til sveitarfélaga og haldnir kynningarfundir.

Markaðsmál

- **Morgunfundi** MSS er verið að halda aðra hverja viku þessi misserin með markaðsmál í fókus, ánægja er með þessa fundi og fyrirkomulagið. Þeir hafa verið teknir upp og sendir á þá sem þess óska. Stjórn ræðir að það geti verið skynsamlegt að halda þessu fyrirkomulagi áfram þó faraldri ljúki þar sem svæðið sé svo víðfeðmt.
- Verið er að skoða hvaða leiðir hægt sé að fara í **innanlandsherferð** í sumar, þá sérstaklega varðandi kostnað. Hugmyndin er að vinna áfram með „suðræn upplifun“ og þemaferðir en skoða þarf hvaða miðla hægt er að nota fyrir utan samfélagsmiðla m.t.t. til kostnaðar.
- Unnið áfram að **nýrri heimasíðu** en fara þurfti í samningaviðræður við Stefnu vegna tafa á afhendingu. Afhending á vef til efnisinnsetningar til MSS í mars. Byrjað er að vinna undirbúningsvinnu, m.a. í gagnagrunni, til að flýta fyrir efnisinnsetningu á nýja síðu.
- **Bynder** myndaforritið – unnið er að áframhaldandi fjármögnun.
- **Hreinleika myndbandið** (Ríki Vatnajökuls) loksins komið út (<https://www.youtube.com/watch?v=tZB1kW6O6tg>) en áður var búið að gefa út myndbönd fyrir Orku og Kraft (Köttlu jarðvang & Vestmannaeyjar og Gullna hrings svæðið).
- Vinna við **samfélagsmiðla** er í sínum farvegi.
- **Upplifðu.is** er búið að vera í áframhaldandi vinnslu, heldur hægt á vinnu á meðan ný vefsíða hefur verið í undirbúningi en vilji hjá landshlutunum öllum til að fara af krafti í þetta áfram. Aðkoma Íslandsstofu er tryggð þar líka ásamt því að hún tekur að sér árlegan rekstrarkostnað auk markaðssetningar á erlendum mörkuðum. Vinna hefur verið í gangi að samningum um

bakenda- og aðgangsstýringu milli Tjarnargötu og MAS, vegna aðgangs fyrir aðildarfyrirtæki og samstarfssveitarfélög án vatnsmerkis.

Framundan er áframhaldandi vinna við þróun bakenda Upplifðu og fleira tengt því kerfi. Brátt fara myndir að koma inn í bakenda fyrir staðina sem komnir eru inn á Suðurlandi. Lokavinnsla (t.d. litaleiðrétting) er framundan á þéttbýlismyndböndum en þau verða t.d. nýtt í innanlandsmarkaðssetningu.

Verið er að reyna að fjármagna myndabankakerfið Bynder með fleiri aðilum. Einnig er framundan aðkoma MAS að eflingu á heildrænum upplýsingavef – visiticeland.com.

Fundur um innanlandmarkaðssetningu/-áherslur framundan með sveitarfélögum og fyrirtækjum.

Framundan eru rafrænar sýningar/vinnustofur, ITB Berlín og vinnustofa í USA.

Framundan er að senda fréttabréf (innanlands og erlendir ferðasalar), undirbúningur PR ferða, aðstoð við viðburðaskipulag og fl. Þá halda morgunfundir áfram og var framkvæmdastjóri í viðtali við Dagskránnu (dfs.is) um Áfangastaðastofu.

Matarauður Suðurlands

Framundan er að leita að fjármagni til að halda áfram með það verkefni.

MAS samstarf

Margir fundir voru á tímabilinu vegna samninga um Áfangastaðastofu, Íslandsstofu og fleira. Framkvæmdastjóri átti undirbúningsfund vegna stefnumótunarvinnu MAS en ný og breytt staða er í samstarfinu vegna nýrra samninga.

Framundan er vinna með heimasiður, Upplifðu, áframhaldandi samninga og fleira.

Samstarfssamningur við SASS

Nú er umsóknarfresti að ljúka fyrir Uppbyggingasjóð og hafa starfsmenn sinnt ráðgjöf til aðila vegna umsókna. Undanfarið hafa verið haldnir nokkrir kynningarfundir fyrir ýmsa sjóði og samtali við ráðgjafa þeim tengdum. Framkvæmdastjóri fékk senda verkefnahugmynd sem tengdist Invest South og kom aðilum í samband og fylgdi eftir. Ratsjáin er í fullum gangi þar sem verkefnastjóri MSS er annar verkefnastjóra sem halda utan um sunnlenska hópinn. Framkvæmdastjórar MSS og SASS hafa einnig fundað á tímabilinu vegna samninga. Þá fóru starfsmenn MSS og SASS á kynningu á nýjum miðbæ á Selfossi.

Framundan er áframhaldandi vinna við Ratsjónna, uppbyggingasjóð, ráðgjöf og fleira.

Sveitarfélög - faghópur

Mörg sveitarfélög hafa fengið kynningu vegna endurnýjunar samninga, þó eru einhver sveitarfélög sem eiga það eftir. Tveir faghópsfundir voru haldnir í janúar og samvinna var í sértækum verkefnum.

Framundan eru kynningar á starfsemi Markaðsstofunnar fyrir sveitarfélögum, áfangastaðaaætlun og Áfangastaðastofu og verður næsti faghópsfundur í mars.

Íslandsstofa

Íslandsstofa hefur verið að vinna greiningar á stöðunni víða um heim og hafa þau birt það í fréttabréfi Íslandsstofu auk þess að halda kynningar. Íslandsstofa hefur haldið þematengdar vinnustofur, t.d. um

ævintýraferðapjónustu og vellíðunarferðapjónustu. Önnur samstarfsverkefni og fundir samkvæmt skipulagi.

Framundan er að klára verkefnasamninga og uppfæra samstarfsyfirlýsingu samhliða ef þarf. Þá er framundan að skoða möguleika í PR ferðum og B2B markaðssetningu auk þess að vinna að fréttabréfi og efni um áherslur næsta árs.

Aðrir fundir / erindi

- Ýmsir fundir / erindi m.a. um viðspyrnu ferðapjónustunnar, Miðhálandisþjóðgarð og fleira.
- Samtalsfundur með ferðapjónustufyrirtækjum í Vestmannaeyjum.
- RMF umsókn um nemendaverkefni tengt Suðurlandi.

Önnur mál

Starfsmannamál

Rædd voru starfsmannamál og möguleikar ræddir varðandi áframhald starfsmanns sem hefur verið í afleysingu.

Aðalfundur MSS

Rætt var mögulegt fyrirkomulag og dagsetningar, skoða á 14. maí fyrir aðalfund. Framkvæmdastjóri sendir könnun til stjórnar á frekara fyrirkomulagi.

Sóknarfæri ferðapjónustunnar

Stjórnarmaður segir að í fyrra hafi verið lögð áhersla á stuðning við fyrirtæki í vöruþróun og markaðssetningu og spyr hvort hægt sé að taka saman lærdóm frá því og kynna til fyrirtækja. Framkvæmdastjóri telur það góða hugmynd og framundan séu fundir með sveitarfélögum og fyrirtækjum um hvernig fjármagn sé sem best nýtt fyrir kynningu á sumrinu.

Fundi slitið kl. 11:10